

Mál nr. 284/2020**M og
V vegna fasteignatryggingar.****Ágreiningur um bótafjárhæð vegna vatntjóns í húseign.****Gögn.**

Málskot mótttekið 26. ágúst 2020 ásamt fylgigögnum.

Bréf V dags. 16. september 2020 ásamt fylgigögnum.

Tölvupóstur lögmanns M dags. 17. september 2020.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram sú krafa M að „... umfang bótaskyldu vátryggingafélags vegna skolpvatnsleka verið endurmetið.“ Í málskoti kemur einnig fram að M rekur tjón á húseign sinni til leka sem varð í eldhúsi húseignar hennar vegna leka frá efri hæð húseignarinnar og hins vegar til þess að sá leki hafi ekki verið lagaður nægilega vel af hálfu vátryggingafélags eiganda efri hæðar hússins.

M telur að V eigi að greiða bætur í samræmi við kostnaðaráætlun sem M hefur sjálf aflað vegna kostnaðar sem mun hljóttast af viðgerð vegna tjónsins. Sú kostnaðaráætlun hljóðar upp á 2.213.185 krónur og er að sögn M um að ræða mat byggingariðnfræðings/verktaka. V hafi boðið mun lægri bótafjárhæð sem dugi ekki til að bæta tjón hennar.

V telur að ágreiningur sé um bótafjárhæð þar sem félagið hafi boðið greiðslu á 533.450 krónum vegna tjónsins, en M hafi hafnað því. V samþykkir ekki að nefndin fjalli um þennan ágreiningur um bótafjárhæðir og vísar til 2. mgr. 3. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsing sem birt er í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005. Þar komi fram að sérstakt samþykki þurfi frá öllum aðilum til að nefndin fjalli um bótafjárhæðir og þar sem V samþykki ekki þá beri að vísa málinu frá.

M telur að kröfugerð hennar snúi að umfangi bótaskyldu og eigi því ekki að vísa málinu frá nefndinni.

Álit.

Í 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsing birt í B-deild stjórnartíðinda nr. 1090/2005, kemur fram að nefndin úrskurði ekki um bótafjárhæðir nema að fengnu sérstöku samþykkti allra málsaðila. Af gögnum þessa máls og kröfugerð M um „umfang bótaskyldu“ og röksemdir fyrir henni verður ekki skilin öðruvísi en að ágreiningur í málinu snúi aðallega að því hvaða fjárhæðir eigi að greiða úr fasteignatryggingu hennar vegna tjóns á húseign.

Í gögnum málsins kemur fram afstaða félagsins til fjárhæða bóta liggja fyrir og af málskoti verður heldur ekki annað ráðið en að M sé ósátt við þá fjárhæð. Telst ágreiningur vera um bótafjárhæð og þar sem V hefur ekki samþykkt að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir verður að vísa málinu frá nefndinni.

Niðurstaða.

Máli M, er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 22. október 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.